



54. þing Íþróttabandalags Hafnarfjarðar

Haldið á Ásvöllum þriðjudaginn 27. maí 2025

Þingskjal nr.

Tillaga um endurskoðun samninga Hafnarfjarðarbæjar við íþróttahreyfinguna í Hafnarfirði

54. þing ÍBH haldið 27. maí 2025 á Ásvöllum, samþykkir að hvetja Hafnarfjarðarbæ til að endurskoða samninga við íþróttahreyfinguna í Hafnarfirði.

Greinargerð:

Þegar síðasta heildarendurskoðun samninga Hafnarfjarðarbæjar við íþróttahreyfinguna í Hafnarfirði var gerð árið 2016, var byrjað með lægri upphæðir inn í samningunum en í svipuðum íþróttafélögum í nágrannasveitarfélögunum, vegna fjárhagsstöðu sveitarfélagsins, en þó með því loforði að reynt yrði að leiðrétta samningana á næstu árum. Samningarnir hafa hækkað samkvæmt vísitöluhækkunum sem fjárhagsáætlun bæjarfélagsins hefur unnið með fyrir hvert ár. Einnig hafa rekstrarsamningar hækkað þegar ný mannvirki hafa verið tekin í notkun. Raunin er sú að samningarnir hafa ekki verið leiðréttir og stuðningurinn er ennþá of lítill við innra starf félaganna og verkefnunum fjölgar með hverju ári sem líður. Ennfremur taka samningarnir ekki tillit til þess að stærri íþróttafélögin þurfa að ráða starfsfólk til að reka íþróttastarfið eða stórra deildarskiptra félaga sem eru m.a. með mikið utanumhald og öfluga starfsemi fyrir allan aldur. Þetta þarf að laga strax.

Flutningsaðili: Stjórn ÍBH.

Vísað til: ☐ Allsherjarnefndar ☐ Fjárhagsnefndar ☐ Íþróttanefndar ☐ Laganefndar